



**Formáli
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
að bók um Smugudeiluna**

13. október 2017

Smugudeilan telst til merkustu og alvarlegustu milliríkjadeilna Íslendinga undanfarna áratugi. Í húfi voru talsverðir hagsmunir. Tekist var á við samningaborð, í fjölmiðlum og dómsölum, að ekki sé minnst á atganginn á hafi úti. Að deilunni komu sjómenn og útgerðarmenn, embættismenn og valdhafar, þjóðréttarfræðingar og aðrir lögspekingar, fréttafólk og stjórnámálamenn. Almennur fylgdist grannt með gangi mála, hér heima og í Noregi, einkum í norðurhluta landsins. Þá vakti Smugudeilan athygli í Færeyjum, Rússlandi og víðar.

Þótt margt hafi verið ritað um átökin þegar þau geisðu og fram til okkar daga er enn frá ýmsu að segja. Í þessu riti er varpað ljósi á athyglisverða þætti sögunnar sem ekki hafa verið á allra vitorði. Menn, sem stóðu í eldlínunni, rifja upp sína hlið mála og höfundur hefur skyggst um í skjalasöfnum. Þar að auki fæst hér greinargott yfirlit yfir gang deilunnar, aðdraganda, atburðarás, ólík sjónarmið og lyktir þegar upp var staðið.

Við Íslendingar tengjumst hafinu og auðævum þess órofa böndum. Í landhelgisdeilum okkar á seinni hluta síðustu aldar var gjarnan haft á orði að þær væru háðar í beinu framhaldi af sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og lýðveldisstofnun 1944. Eftir stæði að tryggja yferráð yfir fiskimiðunum umhverfis landið. Um síðir vannst fullur sigur í þorskastríðunum, 200 mílna efnahagslögsaga. Enn stendur þó stýrr um þjóðarauðlindina, hverjir skuli fá að nýta hana og njóta afrakstursins. Ekki sér fyrir endann á þeim ágreiningi og verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig leyst verður út honum. Margir binda vonir við þá breiðu sátt sem virðist hafa náðst meðal stjórnámálaflokka að setja í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum.

Og þótt við höfum borið sigur úr bítum í þorskastríðunum biðu okkar önnur átök á hafi úti. Um það vitnar Smugudeilan en jafnframt fleiri ágreiningsefni, til dæmis veiðar erlendra skipa á Reykjaneshrygg og réttindi á hafsbotni á Hatton-Rockall svæðinu. Íslenskum stjórnvöldum ber ætíð skylda til að verja íslenska hagsmuni. Í þeim efnum er að mörgu að hyggja. Stundarhagur má ekki ráða för þannig að ríkari langtímasjónarmið víki. Jafnframt sýndu þorskastríðin að réttur Íslendinga var best tryggður með samningum og þróun alþjóðalaga sem var okkur í hag. Stundum er sagt að hefðu Íslendingar ekki sýnt djörfung og dug í þorskastríðunum værum við enn að dorga uppi í landsteinum og útlendingar sætu einir að auðlindum sjávar undan Íslandsströndum. Það má til sanns vegar færa en segir ekki alla söguna. Hefði ekki komið til barátta annarra ríkja, ekki síst frumkvöðla í Rómönsku Ameríku og víðar sem ruddu brautina, hefðum við ekki náð þeim árangri sem raun bar vitni. Sífellt fjölgaði í sveit þeirra ríkja sem börðust gegn þeim málflutningi gamalgróinna stórvelda að þau ættu „sögulegan rétt“ til fiskveiða um öll heimsins höf. Þar að auki skipti hernaðarmikilvægi Íslands í kalda stríðinu miklu máli, bætti samningsstöðu okkar og sljóvgaði vopn Breta, okkar helstu andstæðinga, á sjó og landi.

Fróðlegt er að setja þessa sögu í samhengi við Smugudeiluna. Þá vakna einmitt spurningar um hagsmuni í bráð og lengd, gildi samninga og málamiðlana og ólík sjónarmið strandríkis og úthafsveiðiþjóðar. Sá þáttur sem síðast er nefndur verður einmitt einkar fróðlegur þegar landið, sem í hlut á, telst hvort tveggja í senn. Til dæmis má nefna að um leið og Norðmenn börðust fyrir þeim rétti sínum um miðja síðustu öld að halda breskum togurum utan fjögurra mílna lögsögu, sem var dregin frá grunnlínupunktum undan Norður-Noregi, mótmæltu þeir því að Íslendingar tækju sér sömu lögsögu og hömluðu þannig síldveiðum þeirra fyrir norðan land. Og ekki verður framhjá því litið að í Smugudeilunni voru Íslendingar frekar í sporum þess sem krafðist „sögulegs réttar“ og frjálsra veiða á úthöfum, þvert gegn málflutningi okkar í þorskastríðunum. En þá er reyndar líka til þess að líta að Noregur átti enga þjóðréttarlega lögsögu í Smugunni og engin fiskveiðiríki höfðu viðurkennt þann rétt sem norsk stjórnvöld tóku sér til að stjórna veiðum við Svalbarða.

Um þetta og fleira geta lesendur fræðst í þessu riti. Höfundur ber að þakka fyrir að gera efninu greinargóð skil. Sjálfur naut ég þess í hlutverki sagnfræðings og dósents við Háskóla Íslands að vera leiðbeinandi meistararitgerðar höfundar um efnið, ásamt Bjarna Má Magnússyni þjóðréttarfræðingi og dósenti við Háskólann í Reykjavík. Ég leyfi mér að nefna að samstarf okkar þriggja var með mestu ágætum og vonandi ber ritið, sem er samið á grunni ritgerðarinnar, þess merki.